

Fundur í stjórn Fjár- og hjarðhundadeildar 15.11.2024

Mættar eru; Guðrún Th, Elín Huld og Þórunn

Dagskrá

- Deildarsýning
- Önnur verkefni deildarinnar

Deildarsýning hefur verið samþykkt af HRFÍ. Sýninginn verður sömu helgi og Norðurlandasýning og Reykjavík Winner 21 eðs 22. Júní þann dag sem tegundahópur 1 er ekki. Sýningin verður á Víðistaðatúni í Hafnarfirði. Dómari sýningarinnar er Cathrina Dunne frá Írlandi.

Ræddar voru hugmyndir um fræðslukvöld. Nokkrar umræður urðu hvernig væri best að ná til félagsmanna, viðburðir sem auglýstir hafa verið hingað til af stjórn hafa ýmist fallið niður vegna skorts á mætingu eða mæting hefur verið dræm.

Heimasíða deildarinnar komst til umræðu og erum við sammála um að þar væri gott að uppfæra og bæta upplýsingar. Stefnum á að skoða það betur á nýju ári.

Næsta HRFÍ sýning er í Mars og gott væri að bjóða uppá sýningarþjálfun fyrir hana. Spurning um að kanna utan stór - Reykjavíkursvæðisins hvort væri hægt að bjóða uppá slíkt enda oft minna um það en á höfuðborgarsvæðinu.

Rætt var LOGO deildarinnar og hvort væri áhugi að uppfæra það. Ákveðið var að skoða það síðar.

Fundargerð ritaði Þórunn Jónasdóttir